



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS
CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis
b.t. Páls Péturssonar, formanns
Alþingishúsinu
v/Austurvöll
101 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41 SÍMI 25455
Garðastræti 41 Tel. 25455
PÓSTHÓLF 514 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 514 121 Reykjavík Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ III 196

komudagur DAGS 23/11 1988
Date

TILV. YDAR
Your ref.

BRÉF YDAR
Your letter

TILV. VOR
Our ref.

ÞVP/mss

Rvk. 22.11.1988.

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um eignarleigustarfsemi, 2. mál þingsins og vill af því tilefni láta eftirfarandi koma fram:


Vinnuveitendasambandið fagnar fram komnu frumvarpi og tekur undir það sjónarmið, að nauðsyn beri til að hafa skýran lagaramma um starfsemi fjármögnunarfyrirtækja, svo nauðsynleg sem þessi starfsemi er nútímaatvinnurekstri. Vinnuveitendasambandið telur eðlilegt að í löggjöf séu settar almennar starfsreglur, rammi um umrædda þjónustu, og kunna því ýmis smærri atriði í frumvarpinu að orka tvímælis.

Ekki verður t.d. séð hvaða nauðsyn ber til þess að takmarka heimildir framleiðenda og seljenda á að stunda eignarleigustarfsemi að því er eigin framleiðsla og söluvöru varðar. Þá er heldur ekki augljóst hvaða nauðsyn ber til að skilgreina "víkjandi lán" í sérlögum um eignarleigustarfsemi eða að draga með sérstökum hætti fram skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis skv. 4. gr., 2. og 3. tl., þar sem eðlilegt er að starfsemi þessi lúti sömu reglum að þessu leyti og almennt gildir um hlutafélög skv. hlutafélagalögum.

Þá er ennfremur efni til að leggja athygli á ritvillu í 1. mál. 8. gr. þar sem orðið "um" hefur augljóslega fallið niður.

Framanritaðar athugasemdir eru í eðli sínu veigalitlar, en breytingar á umræddum ákvæðum væru þó augljóslega til bóta. Að því gerðu og í samræmi við framanritað styður Vinnuveitendasamband Íslands samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Þórarinn V. Þórarinnsson.